

35  
31. maí

## LÖG

um

## breyting á lögum nr. 40, 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við 2. málsgrein 4. gr. laganna komi:

Þó geta tveir eða fleiri hreppar gengið saman í eitt skólahjerað um eitt ár í senn, án þess að samþykki hreppsnefndar eða hreppsfundar komi til, ef hlutaðeigandi skólanefndir koma sjer saman um það og fræðslumálastjórnin leyfir.

## 2. gr.

2. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kenslúvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri, að minsta kosti 8 kenslúvikur haust eða vor, eða til kenslu unglunga 14—17 ára, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

## 3. gr.

Aftan við 24. gr. laganna komi:

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt um eitt ár í senn (sbr. 4. gr. 2. málsg.), þá hafa skólanefndir beggja eða allra hjeraðanna í sameiningu skólanefndarstörfín á hendi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*